

**2. mál Umræða um fyrirhugaðan flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga (að beiðni borgarfulltrúa allra framboðslista)**

**Jórunn Frímansdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er mér mikið gleðiefni að fá að hefja umræður hér um fyrirhugaðan flutning á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga. Það er mikilvægt að borgarfulltrúar ræði þennan fyrirhugaða flutning sem unnið er að hörðum höndum og nauðsynlegt að við séum öll á sama stað hvað þetta varðar. Ég vil byrja á því að segja að ég er afar hlynnt því að málefni fatlaðra flytjist yfir og tel það vera mikið framfaraskref í þágu fatlaðra sem muni verða til góðs fyrir þjónustuna og þar af leiðandi þjónustuþegana. En fyrirhugað er að færa þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Það eru því einungis 10 mánuðir til stefnu og þá mánuði þarf að nota vel. Stella Víðisdóttir sviðsstjóri velferðasviðs er í verkefnastjórn um yfirflutninginn, en um er að ræða alla þjónustu sem og lagalega ábyrgð sem Svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra hafa sinnt fram til þessa í samræmi við viljayfirlýsingu sem undirrituð var af ríkisstjórn Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga þann 13. mars 2009.

Markmiðið með tilfærslunni er margþætt, en fyrst og fremst er því ætlað að bæta þjónustu og auka möguleika til að laga hana að þörfum notenda með hliðsjón af ólíkum aðstæðum. Með yfirfærslunni verður tryggt að aðeins eitt stjórnsýslustig beri ábyrgð á stærstum hluta almennrar félagsþjónustu og með þessu móti verður hægt að bæta samhæfingu og draga úr skörun ábyrgðasviða stjórnsýslustiga. Þannig verður stuðlað að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga, sveitarstjórnarstigið verðu styrkt og verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga einfölduð.

Samkvæmt viljayfirlýsingunni er talað um ákveðna tíma og verkáætlun. En á síðasta ári fór fram kostnaðarmat á fjármögnun þjónustu sem flyst frá ríki til sveitarfélaga og á þessu ári verður unnið að framkvæmdaáætlun með tilheyrandi lagafrumvörpum. Lagafrumvörp verða afgreidd og sveitarfélög hefja nauðsynlegan undirbúning. Þjónustunni er svo ætlað að vera flutt með manni og mús, ef svo má að orði komast, þann 1. janúar 2011. En síðan fer fram ákveðið endurmat árið 2014 sem er afar mikilvægt og þá verður endurmatið um

tekjuflutning með mati á faglegum árangri og fjárhagslegum áhrifum tilfærslunnar skoðað.

Þann 24. febrúar sl. var haldinn afar áhugaverður vinnufundur sveitarstjórnarmanna um málið, þar sem saman komu sveitarstjórnarmenn frá öllu landinu. Á þessum fundi var farið vel yfir undirbúning sem er í gangi og alla þá vinnu sem þegar hefur átt sér stað. Verkefnisstjórn ríkis og sveitarfélaga um málefni fatlaðra vinnur nú að undirbúningi yfirfærslunnar, samræmdum gögnum, en sveitarfélögunum hverju sig ber að undirbúa yfirfærsluna í sínu sveitarfélagi. En fyrir hönd sambandsins er sem fulltrúi Reykjavíkurborgar Stella K. Víðisdóttir, eins og ég kom að hér áðan, sem er sviðsstjóri velferðarsviðs.

Á vegum verkefnisstjórnarinnar er í gangi ýmis undirbúningsvinna enda fjölmörg óvissu atriði til staðar og ekkert óeðlilegt við það, þar sem málið er risastórt og afar mikilvægt og að mörgu að hyggja. Það þarf að vinna með þessi óvissu atriði, en þau lúta kannski fyrst og fremst að fjölda og þjónustupörf einstaklinga árið 2014, þegar að endurmatið mun fara fram samanborið við árið í ár. En það er auðvitað erfitt að segja til um það með nákvæmri vissu og nauðsynlegt að gera ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika hvað þessa óvissuþætti varðar. Eins eru til sérstakrar skoðunar ákveðin álitamál eins og fasteignamál og starfsmannamál, og unnið að úrlausn þeirra mála meðal annars með hugsanlegri stofnun sérstaks fasteignafélags og/eða sérstöku jöfnunarkerfi tengdu fasteignum.

Verið er að vinna að upptöku nýs þjónustumats svokallað SIS-mats, en með því verður framkvæmt nákvæmara mat á þjónustupörf fatlaðra sem mun bæta mat á kostnaði og auðvelda jöfnunaraðgerðir í málaflokksnum. Í tengslum við nýtt mat verður safnað nýjum og bættum upplýsingum um biðlista og kostnað vegna þeirra. Á grundvelli þessa nýja mats verður jafnframt hægt að reikna út ný einingaverð um mat á kostnaði vegna biðlista og jöfnunaraðgerða. Og árið 2010 verður gerð könnun á fjölda og þjónustupörf fatlaðra, það er núna í ár verður farið aftur yfir þetta og biðlistar skoðaðir, en með því verður tryggt að allur kostnaðargrunnur sé réttur þegar að yfirfærslan verður og ekki unnið með gamlar upplýsingar, ef við getum orðað það svo, það er sem sagt unnið þá með nýjustu upplýsingar í því tilfalli.

Ákveðið hefur verið að þjónustusvæðið skuli hið minnsta þjónusta 8 þús. manns, en það er nokkuð sem við hér í Reykjavík þurfum nú ekki að hugsa sérstaklega um. Hins vegar þurfum við að taka afstöðu til þess mögulega, að þjónusta önnur svæði og hefur Seltjarnarnes verið nefnt í því tilliti ef að koma fram sérstakar óskir frá þeim um það. Þá gætum við þurft að taka afstöðu til þess að veita þjónustu öðrum þjónustusvæðum heldur en bara Reykjavík. Nú, við þurfum líka að skoða hvernig við ætlum að þjónusta hér í Reykjavík. Þurfum við að skipta Reykjavík upp í fleiri þjónustusvæði?

Drög að samningi milli ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga liggja fyrir, en það er unnið samhliða að endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra og drög að endurskoðuðum lögum liggja einnig fyrir, en frumvarpið er mjög tengt texta samningsins milli ríkis og sveitarfélaga. Það er áætlað að þessu ljúki núna í mars samningnum og að frumvarpið verði lagt fram og afgreitt á vorþingi.

Samráðshópur um starfsmannamál skoðar hvernig yfirtöku verður háttáð, stéttarfélagsmálin og fleira í því tilliti og þar eru uppi ákveðin álita mál til dæmis um það hvort að sveitarfélögin semji sérstaklega við SFR, en sveitarfélögin hafa þegar ályktað um það að það sé ekki kostur og að starfsfólkið flytjist yfir til sveitarfélaganna. Síðan er verið að skoða rafrænan aðgang. Upplýsingavefur hefur þegar verið settur á fót og er hægt að finna upplýsingar um það hvernig verkefninu framvindur á heimasíðu félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Það eru eðlilega miklar áhyggjur af kostnaðarmatinu og eðlilegt að það sé farið vel yfir það, hvernig það er hugsað og ég ætla að gera því þau skil sem að ég get og hef þekkingu til að gera hér og vona að borgarfulltrúar hlusti, svo ekki sé meira sagt. Það er hálfótlegur salurinn hér.

Áætlað er að taka upp ákveðið jöfnunarkerfi við útreikninga tekna og kostnaðar sveitarfélaganna og eru megin þættir þess kerfis eftirtaldir: Það er að kostnaður við þjónustu við fatlaða verði tengdur við tekjustofn sveitarfélaganna, þetta er mikilvægt atriði. Og það er miðað við kostnaðarmatið 2008, en eins og ég kom að áðan að þá verður það endurmetið núna 2010. En miðað við kostnaðarmatið 2008 þá er kostnaðurinn 9 milljarðar 473 milljónir kr. sem samsvarar í dag 1,21% af útsvarsstofni sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall ríkisins verður lækkað þá sem nemur þessari tölu – 1,21%, en útsvarshlutfall sveitarfélaganna hækkað um sama

hlutfall. Komi síðan í ljós núna við matið 2010 að þetta tekjuskattshlutfall sé hærra eða kostnaðurinn sé meiri við að veita þjónustuna til að mynda 1,28% eða eitthvað slíkt að þá lækki tekjuskattshlutfallið á móti og útsvarshlutfallið verði sem því nemur. Nú, 80% af tekjuaukningu sveitarfélaganna fer til þess að greiða þjónustu við þá einstaklinga sem hafa mestar þjónustuþarfir og rennur í sérstaka deild jöfnunarsjóðs. 20% hins vegar af tekjuaukningunni fer til að greiða aðra þjónustu og rennur beint til einstakra sveitarfélaga.

Í tilfalli Reykjavíkur þá auðvitað er þetta þannig að þessi 20% renna alltaf til Reykjavíkur 80% eru hins vegar háð því hversu marga við erum að þjónusta hverju sinni og rennur í þennan jöfnunarsjóð og úr honum kemur greiðsla með raunar fjölda þeirra sem við erum að þjónusta. Aftur á móti hjá minni sveitarfélögum og þar sem að sveitarfélög gera samning sín á milli að þá getur það verið þannig að 20% renni ekki til lítils sveitarfélags, sem að hefur gert samning um að annað sveitarfélag þjónusti þeirra einstaklinga, heldur renna þá 20% þangað. Jöfnunarframlögin eru reiknuð á grundvelli fjölda og þjónustuþarfar einstaklinga í hverju sveitarfélagi eða þjónustusvæði fyrir sig og þetta þýðir í raun að kostnaður sveitarfélaga vegna þjónustu þeirra sem þurfa á mikilli þjónustu að halda er að fullu fjármagnaður af jöfnunarkerfinu. Beinar útsvarstekjur þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að þjónustusvæði renna til þjónustusvæðisins í samræmi við samning viðkomandi sveitarfélaga.

Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Í viðauka yfirlýsingar ríkis og sveitarfélaga kemur meðal annars fram að sveitarfélög munu hafa ríkt sjálfræði um framkvæmd þjónustunnar. Þannig munu lög fyrst og fremst kveða á um skyldur sveitarfélaga um að framkvæma þjónustu sem byggir á faglegu mati á þörfum einstaklingsins. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög muni vinna að því að bæta þjónustu við notendur með samþættingu við félagslega þjónustu. Þ.e. heimaþjónustu, liðveislur, frekari liðveislur og heimahjúkrun, og endurmóta í rauninni þjónustuna út frá því. Í viðauka viljayfirlýsingarinnar kemur enn fremur fram að kostnaðarmat nær til allra þjónustuþátta sem sveitarfélög taka við og bera fjárhagslega ábyrgð á eftir tilfærsluna. Við matið verður bæði tekið tillit til núverandi kostnaðar og kostnaðar vegna biðlista. Leitast verður við að greina alla þætti sem hafa áhrif á kostnað til lengri tíma, fjármagn mun fylgja verkefnum, byggja á eigin tekjum sveitarfélaga

og ekki verður um sameiginlega fjármögnun ríkis og sveitarfélaga að ræða. Tekjustofnar sveitarfélaga verða hækkaðir til að standa undir kostnaði við þau verkefni sem þau taka við. Og samgönguráðuneytið mun vinna að endanlegum tillögum um fjármögnum með endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og það er í rauninni það sem ég var að fara yfir hér áðan varðandi jöfnunarleiðina eða hvað maður á að kalla það.

Það er líka mikilvægt að geta þess, að til stendur að setja á fót sérstaka eftirlits og gæðastofnun velferðarþjónustu sem mun þá annast eftirlit af hálfu ríkisins með þjónustu sveitarfélaga við fatlaða. Hér hef ég tíundað marga þætti sem verið er að vinna að, en þetta er langt í frá að vera tæmandi og mikið af upplýsingum sem komu fram á vinnufundinum þann 24. febrúar sem ég hef ekki farið yfir hér. En þetta er bara byrjunin á umræðunni hér og ég vona auðvitað að umræðan eigi eftir að vera hér rík og mikil í dag og síðan í framhaldinu auðvitað enn meiri. En ég ætla að halda áfram því að það er margt sem lýtur að velferðarsviði í þessu máli og fara aðeins yfir það.

Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Velferðarsvið hefur þegar náð mikilvægri þekkingu og reynslu af yfirfærslu í málefnum geðfatlaðra og sameiningu heimahjúkrunar og heimaþjónustu. Þrátt fyrir það er mikil undirbúningsvinna eftir þar sem um er að ræða viðamikil verkefni. Við erum að tala um þjónustu við um það bil þúsund notendur. Við erum að tala um það bil 690 starfsmenn í 400 stöðugildum. Og þetta gæti verið um það bil 3 milljarðar. En auðvitað liggur ekki endanlegt kostnaðarmat fyrir og jafnvel er talan hærri. Og við erum líka að tala um mjög viðkvæma þjónustu sem er verið færa í nærumhverfið og það er mikið í húfi að vel takist til. Ég ætla að fara hér yfir nokkur atriði varðandi velferðarsviðið eins og ég gat um. En það þarf að ráða verkefnastjóra til að undirbúa yfirtökuna. Það er gert ráð fyrir því að á tímabilinu 2010-2014 leggi ríkissjóður fram árlega fjárveitingu til að standa undir breytingakostnaði vegna tilfærslunnar, þannig að við munum fá fjármagn með. Fjárveitingin verður í umsjón félags- og tryggingamálaráðuneytisins, en okkur ber að hafa samráð við verkefnastjórn um ráðstöfun hennar.

Það þarf að setja í gang nokkra vinnuhópa innan velferðarsviðs til að vinna nánar að undirbúningi einstakra þátta. Velferðarráð verður með vinnudag nú í mars

mánuði til þess að ákveða framhaldið og fara yfir það nákvæmlega hvernig borgin ætlar að taka yfir verkefnið, svo það þarf að huga að ýmsu eins og ég hef komið inn á. Það má nefna þætti eins og þarfagreiningu á þjónustubörfum fatlaðra Reykvíkinga og nauðsynlegt er að kortleggja vel núverandi fjölda þjónustuþega, fjölda á biðlista og ný [óskýrt]. Það þarf að greina hvernig þjónusta er háttað samanber sambylí, áfangastaðir, frekari liðveisla í þjónustu- og íbúðakjörnum og í sjálfstæðri búsetu, dagþjónusta, heimili fyrir börn, skammtímavistun fyrir börn, stuðningsfjölskyldur og ráðgjöf og stuðningsþjónustu fyrir fatlaða og fjölskyldu þeirra. Margt fleira þarf að skoða og er sviðsstjóri velferðarsviðs með góða yfirsýn yfir alla þá fjölmörgu þætti sem þarf að huga að. Ég ræddi við Stellu K. Víðisdóttur sviðsstjóra um helgina og fékk hjá henni nokkra punkta varðandi nauðsynleg atriði og því fyrir sem við setjum vinnuna í gang því betra. Reykjavík er risastórt þjónustusvæði og við þurfum að huga að mörgu. Hér kemur smá upptalning á nokkrum þáttum sem þarf að huga að og við munum auðvitað ræða sérstaklega á komandi starfsdegi velferðarráðs sem verðu væntanlega nú um miðjan mars. En þetta eru þættir eins og; hvernig á þjónustumatið að fara fram.

Það þarf að kortleggja starfsmannafjöldann og húsnæðismálin og fleira í þeim skilningi. Það þarf að skoða fyrirkomulag þjónustunnar með samþættingu og möguleg samlegðar áhrif við núverandi þjónustu velferðarsviðs. Það þarf nákvæmt kostnaðarmat varðandi þjónustuna í Reykjavík. Við þurfum að kortleggja starfsmannabörf í stjórnun og stoðstarfsemi. Við þurfum að tryggja þátttöku og samráð við starfsfólk beggja kerfa, ólík menning, ólíkt verklag og fleira og fleira. Hvert á þjónustusvæði okkar að vera? Verður því skipt eitthvað frekar upp í útfærslunni og þá hvernig? Þetta þurfum við að ræða og fara yfir.

Á Reykjavík að annast þjónustu á Seltjarnarnesi með þjónustusamningi? Hefur Kjós áhuga á því að gera við okkur þjónustusamning? Hafa einhverjir fleiri aðilar áhuga á því og hvernig ætlum við að bregðast við því og höfum við áhuga á að þjónusta fleiri. Hlutdeild notenda og hagsmunaaðila, hverjar eru væntingar notendanna, hagsmunaaðilanna við breytingarnar. Hverjar eru væntingar okkar við breytingarnar og hvernig viljum við standa að þessu. Það er mikilvægt að kynna bæði inn á við og út á við öll skref sem stigin verða og hvernig hugsunin er að þetta gangi upp. Við þurfum að huga að starfsfólki, hagsmunaaðilum og fleiru.

Hvaða tölvukerfi ætlum við að nota? Hvaða tölfræði þarf að halda til haga? Utan um hvaða lykiltölur þurfum við að halda til þess að geta verið í stakk búin til þess að mæla þetta allt saman árið 2014 þegar að kemur að endurmati. Ný búsetureglugerð er í smíðum, það þarf að huga að henni og hvernig hún kemur inn í þetta. Verklag við inntöku í búsetuúrræði, inntökuteymi velferðarsviðs, hvernig á það að vera og hvar? Og svo mætti lengi telja.

Eins og ég segi þetta eru mörg úrlausnarefni og verkefni sem við þurfum að vinna að. En það felast tvímælalaust tækifæri í yfirfærslunni með samþættingu við aðra félagslega þjónustu og með auknum samlegðar áhrifum til dæmis við stjórnun, vaktaskipulag og aðra starfsmannatengda þætti. Við erum komin ansi langt í þá átt að af þessari yfirfærslu geti orðið um næstu áramót. Við megum ekki gleyma því hvað þessi breyting skiptir miklu fyrir notendur þjónustunnar og við stjórnmálamenn verðum að leggjast á árarnar nú svo af þessu geti orðið. Óvissuþættirnir eru verkefni til þess að leysa, ekki ástæða til að hætta við eða frágangsatríði.

Það kann vel að vera að nú ári illa og sveitarstjórnarmenn hafi áhyggjur þess vegna, en þá er líka stóra spurningin hvort að betra sé að taka yfir málaflökkinn þegar vel árar, við þurfum að velta því fyrir okkur. Ég er ekki þeirrar skoðunar, en það er mitt álit. Og þurfum líka að velta því fyrir okkur, er betra að taka yfir þegar að ríkið hefur hagrætt, eins og það mun þurfa að gera. Það liggur alveg fyrir. Þannig að kannski er bara ansi gott að ganga þetta skref núna og ekki spurning að það er jákvætt skref. En eins og fram hefur komið í máli mínu er að mörgu að hyggja en mér finnst þetta vera fyrst og fremst úrlausnarefni sem verið er að vinna að og það er nauðsynlegt að við undirbúum okkur vel með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Efnahagsþrengingarnar munu vonandi vara stutt. Yfirfærsla á málefnum fatlaðra er framtíðarverkefni og nú þarf að ganga í takt ef að af þessu á að geta orðið.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

**2. mál Umræða um fyrirhugaðan flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga (að beiðni borgarfulltrúa allra framboðslista)**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er ekki að ástæðulausu að borgarstjórn samþykkti með 15 samhljóða atkvæðum, fyrir réttu ári síðan eða 17. mars á síðasta ári, að fela velferðarráði og velferðarsviði að hefja nú þegar undirbúningsvinnu sem miði að því að Reykjavíkurborg taki við félagslegri þjónustu við fatlaða frá ríkinu eigi síðar en 1. janúar 2011, á grundvelli viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga. Fram kom í þessari tillögu að undirbúningurinn ætt að fara fram í nánu samráði við starfsmenn og hagsmunasamtök fatlaðra. Já, það var ekki af ástæðulausu að allir flokkar vildu standa að þessari tillögu sem lögð var fyrst fram í nafni Samfylkingar og Vinstri grænna, en var ákveðið að yrði sem sagt allra flokka. Því að við vorum öll sammála um það, að það þyrfti að setja málið í farveg sem fyrst. Við vorum vonandi öll sammála um það að Reykjavík ætti að vera í fararbroddi, ekki eftirbátur annarra sveitarfélaga a.m.k. ekki þeirra sem nú fyrst fá tækifæri til þess að taka yfir þennan þjónustupátt við alla íbúa. Ég hef a.m.k. sjálf metnað fyrir hönd borgarbúa um það að höfuðborgin sé í forystuhlutverki. Það er full ástæða til þess. En auðvitað munum við leita í smiðju þeirra sem að hafa haft þessa þjónustu á sinni hendi í rúman áratug og hafa gert það mjög vel og með mikilli ánægju þeirra sem að njóta þjónustunnar og líka þeirra sem að veita hana.

Við getum sem sagt lært mikið, en við megum ekki verða dragbítur á þróun þjónustunnar eins og verður ef við ætlum að gera allt á síðustu stundu. Það er líka mikilvægt að Reykjavíkurborg sé í forystuhlutverki því að hér þarf samráðið við hagsmunasamtök notenda og starfsmanna að fara fram. Hér starfa flestir. Hér eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtökin, hér eiga þau heima og við eigum að vera með þeim að draga vagninn. Sagt hefur verið að ekki sé kannski ástæða til eins mikils tíma hjá okkur, eins og víða annars staðar, þar sem kerfið sé einfaldara hér þar sem ekki þarf að sameina sveitarfélög í þjónustusvæði, né að skipta upp svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. Rétt er það. En eins og ég sagði áðan þá eru hér hagsmunasamtök notenda og starfsmanna. Hér þarf samráðið að eiga sér stað og það er litið til höfuðborgarinnar að sjálfsögðu með það að við séum í fararbroddi um þróun þjónustunnar.

Ég veit að ýmislegt hefur verið gert en ég ætla ekki að leyna óþreyju minni því að mér finnst við vera of skammt á veg komin. Mér finnst í rauninni eftir að borgarstjórn ákvað fyrir ári síðan að fela velferðarráði og velferðarsviði að hefja undirbúningsvinnu þá hafi að vísu átt sér stað undirbúningsvinna af hálfu velferðarsviðs, en velferðarráð hefur lítið fjallað um málin. Og óskaði undirrituð eftir því nýlega að sérstakur starfsdagur yrði haldinn um þetta mál vegna þess að ég hafði reynt að fylgja því eftir, en ekki sem sagt fengið umræðu innan ráðsins, eins og ég hefði óskað eftir. Það sem að við þurfum helst að ræða er umgjörð, innihald og gæði þjónustunnar sem við viljum veita, það hefur alltof lítið borið á því. Unnið er að ýmsum þáttum er varða praktísk viðfangsefni, fyrirkomulag húsnæðismála, fyrirkomulag starfsmannamála, kostnaðarmat og fleira sem að Jórunn Frímansdóttir borgarfulltrúi fór yfir í sinni ræðu og ég þarf því ekki að hafa sérstakar áhyggjur af. Þá sagði hún einnig frá markmiði yfirflutningsins um þróun þjónustunnar, samhæfingu og samþættingu og ætla ég því að sleppa því.

En af hverju erum við að færa þessa þjónustu? Við höfum á umliðnum áratugum verið að þróa samfélag okkar á margvíslegan hátt og hugmyndafræði um nálgun við þá sem hafa skerta getu af ýmsum ástæðum hefur líka verið að þróast og á mjög róttækan hátt og út frá réttindum fólks sem að hafa verið skilgreind. Við horfum ekki lengur á fólk sem býr við fötlun sem sjúklinga og við erum núna að klára vinnu sem að hófst fyrir rúmum 20 árum, sem fólst í því að loka sólarhringsstofnunum og búa fólki heimili. Með slöngvaða verkefninu sem Reykjavíkurborg tók af ríkinu árið 2007, þar sem að um 100 einstaklingar með geðfötlun hafa verið að fá þjónustu og búsetu úrræði á vegum Reykjavíkurborgar, þá var í rauninni verið að loka síðustu langtíma sólarhringsstofnunum fyrir fólk með fötlun. En þeir sem að heyrðu undir það verkefni höfðu búið árum og áratugum saman inni á Kleppsspítala, en núna hafa þeir fengið heimili og þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar og er mikil ánægja með það.

Við höfum á síðustu árum virt rétt fólks til sjálfstæðs lífs og að það sjálft taki ákvarðanir um hvar og hvernig það búi. Við höfum verið að móta samfélagið með réttindi fólks að leiðarljósi og aðgengi þeirra að samfélaginu. Við höfum samþætt þjónustu við fatlað fólk inn í þjónustu sem öllum öðrum er boðið. Og það er kannski eins gott að við höfum verið að vinna eftir þessari hugmyndafræði, því að

núna á vormánuðum mun samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun verða lögleiddur hér á landi og þá verðum við hvort eð er að samþætta þjónustuna, þannig að fólk með fötlun hafi sama aðgang og aðrir að allri almennri þjónustu og að þjónustan verði veitt með sjálfstæði og sjálfræði þessara einstaklinga að leiðarljósi. Við getum sem sagt með öðrum orðum ekki útfært þjónustuna lengur nema að einkunnarorð Öryrkjabandalags Íslands „Ekkert um okkur án okkar“ verði viðhaft í raun. Það verður sem sagt lögleitt núna á vorþingi og það er mjög mikið gleðiefni. Og okkur verður ætlað að líta ekki á fatlaða sem einslitan hóp heldur fjölbreyttan hóp íbúa sem eiga það sameiginlegt að líkamleg, andleg eða vitsmunaleg skerðing og/eða skert skynjun komi í veg fulla og virka þátttöku þeirra að samfélaginu á jafnréttisgrundvelli. Við eigum að tryggja jafnan rétt fatlaðra sem ófatlaðra til almennrar þjónustu, auk þess sem fólk með fötlun á rétt á síðan sértækri aðstoð til að mæta þörfum sem eru tilkomnar vegna fötlunarinnar.

Við höfum bara 10 mánuði til þess að klára að samþætta þjónustu okkar þannig að hún samrýmist samningi Sameinuðu þjóðanna, sem við þegar höfum skuldbundið okkur að taka þátt í og munum lögleiða núna í aðdraganda þessarar yfirlæslu. Það er ástæðan fyrir því að við eigum núna að fara í þetta verkefni en ekki seinna. Við höfum fallist á þessa nýju hugmyndafræði og það sem byggir á vilja þeirra sem að hingað til hafa búið við meiri hindranir en almennt gerist. Við byrjuðum þessa vinnu fyrir rúmum áratug, en tókum síðan ákvörðun og þá var það Reykjavíkurborg sem í raun og veru varð til þess að yfirlæslan varð ekki, þar sem hún vildi fá frestun á verkefninu vegna fjármögnunar, þar sem að ekki var sátt um það.

En við tókum síðan ákvörðun á landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga árið 2006 um það að taka yfir þessa nær þjónustu við fatlaða og aldraða og bíða ekki lengur eftir því að minni sveitarfélög mundu sem sagt sameinast öðrum, og því var þróuð sú hugmyndafræði sem að hér liggur til grundvallar um að minni sveitarfélög hafi samvinnu um þjónustu í að minnstakosti 8 þús. manna þjónustusvæðum. Nú, við þurfum líka að gera þetta núna vegna þess að við viljum vera eins og sveitarfélög nágrannaríkja okkar sem að hafa nærþjónustu að mestu á hendi sveitarfélaganna í þágu þeirra sem að njóta þjónustunnar. Það hefur verið einhugur í borgarstjórn

sem sagt um þetta mál á umliðnum árum eins og hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga og þeim hagsmunasamtökum sem að tengjast þessari yfirfærslu og það skiptir mjög miklu máli að nýta okkur þann einhug sem verið hefur og klára þessa tilfærslu. En það hafa komið upp efasemdarraddir núna eftir efnahagshrunið og sagt; eigum við kannski ekki að fresta þessari yfirfærslu. Stutta svarið er nei.

Það er ekki gott að staðna í kreppu, því að kreppa gefur svo mörg tækifæri til þróunar og við þurfum að endurskoða og gera meira úr því fjármagn sem til staðar er. Í dag fer til þessa málaflokks tæpir 11 milljarðar að teknu tilliti til kostnaðar vegna biðlista, hlutur Reykjavíkur í því eru um 3,5 milljarðar og er þetta umtalsvert fjármagn. Í dag er búið að ná samkomulagi um það að þessu fjármagn verði sem sagt mætt hjá sveitarfélögunum með því að hækka útsvarshlutfall þeirra og mun það hækka væntanlega alla vega miðað við árið 2010 um 1,29%, það er þó ekki endanleg tala. En það er eiginlega búið að tryggja það milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins að við munum fá það fjármagn sem nú er veitt í þjónustuna. Þannig getum við tekið það fjármagn og gert meira úr því fé en verið er að gera í dag með því að samþætta það við þá þjónustu sem að við höfum hér í dag, minnka yfirbyggingu og setja mismuninn beint inn í þjónustuna.

Það er líka mjög mikilvægt í efnahagskreppu að aðskilja eftirlit og framkvæmd. Í þessari yfirfærslu þá stendur til að setja á fót sérstaka eftirlits- og gæðastofnun velferðarþjónustu sem mundi annast eftirlit af hálfu ríkisins við þjónustu sveitarfélaga við fatlaða. Það er mjög mikilvægt að réttindi fólks verði ekki skert í þessum efnahagsþrengingum og að það verði einmitt tryggt á þennan hátt, að haft verði eftirlit með öllum sveitarfélögum um það að framkvæmdin verði í samræmi við þau réttindi sem að fatlaðir búa við og verður lögleidd í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Svo eru ýmsir sem segja, það er ekki rétt að gera þetta núna í efnahagsþrengingum þá er bara betra að hafa kerfið eins og það er. Og höfum við þá trú að ríkið muni gera betur.

Raunar er það þannig en auðvitað fer það eftir því hver er við stjórnvölinn hverju sinni, en reynslan því miður hefur sýnt okkur að á efnahagslegum uppgangstímum hefur ríkið ekki verið að auka fjármagn eða mæta þörfum þeirra sem að búa við fötlun, eins og óskað hefur verið eftir. Og því held ég að það sé ekki betra núna að óska eftir því að ríkið haldi áfram þessu. Ríkið er að fara í mun meiri niðurskurð

en flest sveitarfélög, það hleypur á tugum milljarða eins og fram hefur komið í fjölmiðlum, sá niðurskurður sem þarf að eiga sér stað á næsta ári og þar næsta. Og ég held að það sé mun betra að við tryggjum það fjármagn sem nú fer í málaflokkinn til sveitarfélaganna og við gerum meira úr því fjármagni fyrir þá sem að njóta þjónustunnar.

En hvert er þá næsta skref. Auðvitað þarf velferðarsvið að halda vel áfram á málum og kortleggja ýmislegt sem Jórunn Frímannsdóttir borgarfulltrúi taldi hér upp í sinni ræðu. En mér finnst það samt umhugsunarefni að við ákveðum það að borgarráð skipi stýrihóp eða verkefnisstjórn sem að heyri undir borgarráð til þess að fylgja þessu máli einnig eftir, og sá stýrihópur hann verði skipaður bæði kjörnum fulltrúum og embættismönnum. Slík verkefnastjórn starfaði á árunum 1996-1999 þegar unnið var að sömu yfirfærslu og verkefnisstjórn heyrði þá beint undir borgarstjóra, enda verkefnið mjög umfangsmikið og varðar ekki bara velferðarsvið. Mér finnst rétt að við íhugum þetta og mun ég hafa það opið að flytja tillögu um það í borgarráði innan skamms. Við þurfum að ákveða hvort að við bjóðum öðrum sveitarfélögum að gera samning við okkur varðandi tilfærsluna og við þurfum að taka pólitíska afstöðu til þess hvernig Reykjavíkurborg vill standa að þjónustunni. Ætlum við að hafa hana miðstýrða eða munum við veita hana eins og aðra nærþjónustu út frá þjónustumiðstöðvum? Ég segi það fyrir mitt leyti að ég er sannfærð um það að þjónustan eigi að vera veitt nálægt fólkinu og af þeim sem að best þekkja hverju sinni. Að hún eigi að vera dreifstýrð á kostnað miðlægrar stjórnsýslu sem að er of fjarri. En svo ég bara svari því strax til um þennan þátt málsins.

Nú, við eigum eftir að tala við 1000 notendur sem að nýta þjónustu svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra, það eru 1000 notendur sem hafa sína aðstandendur og hagsmunafélög. Við eigum líka eftir að tala við þá 690 starfsmenn sem vinna hjá svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra og ræða við þá um þennan yfirflutning og þeirra stéttarfélög. Það er því mjög margt eftir, sumt sem á að sjálfsögðu að vera unnið af hendi velferðarsviðs en ég held að borgin eða borgarráð eigi að hafa yfirumsjón með ýmsu öðru. Ég tel mjög mikilvægt að það náist sátt um þennan yfirflutning, að það sé unnið í samvinnu við notendur þjónustunnar og starfsfólk og vonast svo sannarlega til þess að borgarstjórn verði

Bstj. 2. mars 2010

áfram einhuga eins og hún var fyrir réttu ári síðan þegar við samþykktum að hefja nú þegar undirbúning.

Og eins og fram kom í máli mínu þá hefur ýmislegt gerst, en ég tel að við höfum rætt of lítið svona innihald og gæði þjónustunnar og þá umgjörð sem að við viljum veita henni. En við þurfum að vinna þetta mjög hratt núna á næstu mánuðum, taka þær pólitísku ákvarðanir sem að þarf að taka fyrir lok þessa kjörtímabils, þannig að starfsfólk borgarinnar geti nýtt vorið og sumarið til þess að vinna að öllum þeim þáttum sem að þarf að vinna. En fyrst þurfum við að standa okkur og taka þær ákvarðanir sem að okkur ber, þannig að þegar ný borgarstjórn og nýjar nefndir taka til starfa í byrjun ágúst nk. að þá sé í rauninni útfærslan eftir. Þannig að ég vona að við spýtum svo sannarlega í lófana.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

**2. mál Umræða um fyrirhugaðan flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga (að beiðni borgarfulltrúa allra framboðslista)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla að byrja á að þakka borgarfulltrúanum Jóranni Frímansdóttur og Björk Vilhelmsdóttur fyrir fróðlega og ýtarlega yfirferð á stöðunni er varðar tilfærslu á málaflokki fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Það er hárrétt hjá þeim báðum að þessi þjónusta á að sjálfsögðu heima sem næst notendunum, þannig að þarfir og vilji þeirra sé skýr og þekktur gagnvart þeim sem þjónustuna veitir. Í fullkomnum heimi fengju fatlaðir sem ófatlaðir þjónustu í samræmi við þarfir og væntingar veitta af hálfu fólks sem þekkir og veit hvað hver og einn vill. Þannig væri að sjálfsögðu eðlilegast að hún yrði hluti af þjónustumiðstöðinni í hverfi borgarinnar.

En heimurinn er ekki fullkominn. Mörgu er enn ábótavant í þjónustu við fatlaða á Íslandi og því miður er enn langt í land. Miklar væntingar eru bundnar við lögfestingu sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem mundi kalla á lagabreytingar og réttarbætur á mörgum sviðum. Samningurinn kynnir til sögunnar aðra sýn á málaflokkinn en áður, sýn þar sem samspil einstaklings og samfélags er tekið til athugunar í stað þess að horfa aðeins á einstaklinginn og fötlun hans. Þannig er fötlunin viðurkennd sem samfélagslegt verkefni en ekki einkamál viðkomandi einstaklings hverju sinni. Að sama skapi er upp hávær krafa um persónulega og notendastýrða þjónustu enda sýnir reynsla nágrannalanda okkar að hún er það sem koma skal, enda hlýtur hún að snúast um einföld mannréttindi. Allir einstaklingar eiga að sjálfsögðu að geta stjórnað lífi sínu sjálfir og eiga að geta fengið þá aðstoð sem þarf til þess. Mikil hagkvæmni fylgir slíku fyrirkomulagi, ótrúlegt en satt, enda stuðlar það að frekara lýðheilbrigði og sparar þannig talsverðan kostnað í heilbrigðiskerfinu.

Á næstu árum munum við því vonandi sjá miklar framfarir eiga sér stað í málaflokknum hvar sem hann verður staðsettur af hálfu stjórnvalda. Nú stendur til að sveitarfélögin taki við honum sem hefur að sjálfsögðu ákveðin tækifæri í för með sér. Auðvitað á þjónusta sem varðar einstaklinga í samfélaginu að vera innt af hendi sveitarfélaganna. Þó flutningur grunnskólanna frá ríki til sveitarfélaganna hafi ekki verið átakalaus eða fullkominn og enn séu sveitarfélög að glíma við afleiðingar allt of lítilla fjárframlaga, þá má alls ekki gefa hugmyndafræðina um

nærþjónustu á forræði sveitarfélaga upp á bátinn. Til lengri tíma litið munu þannig fleiri verkefni færast yfir til sveitarfélaganna og þá skiptir líka máli að vanda til verka og draga lærdóm af reynslunni. Öryrkjabandalagið hefur efasemdir um að tímasetning flutningsins sé rétt, enda eigi eftir að ganga frá of mörgum lausum endum til að vel verði að verki staðið. Þau telja brýnt að ákveðin atriði verði að fullu frágengin áður en að flutningi kemur og ég ætla að rekja hér fimm þeirra.

Í fyrsta lagi telja þau brýnt að jafnræði ríki milli sveitarfélaga. Það er nauðsynlegt að fyrirbyggja hreppaflutninga með öllu og tryggja að öll sveitarfélög geti þjónustað þá einstaklinga sem þar búa með sómasamlegum hætti. Á vegum sambandsins hefur talsverð vinna átt sér stað við útfærslu á sérstakri deild jöfnunarsjóðsins, en það verður að tryggja að sú útfærsla dugi.

Í öðru lagi hefur Öryrkjabandalagið áhyggjur af því fjármagni sem nú stendur til að flytja frá ríki til sveitarfélaga og miðast við núverandi þjónustu. Öryrkjabandalagið hefur bent á að með innleiðingu sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem til stendur að lögfesta á Alþingi verði talsverðar breytingar að eiga sér stað á þjónustunni og þær breytingar koma til með að kosta peninga. Því er nauðsynlegt að áður en að flutningi kemur verði rætt og ákveðið hvernig þessar breytingar verði útfærðar og á kostnað hvers.

Í þriðja lagi hefur Öryrkjabandalagið bent á mikilvægi eftirlits með nýtingu fjármagnsins. Þau leggja mikið upp úr því að það fjármagn sem flyst til sveitarfélaganna verði kirfilega eyrnamerkt og að sveitarfélögunum verði gert að nýta það í þá þjónustu sem því er ætlað. Talsverð hætta sé við núverandi aðstæður á því að einhver sveitarfélög freistist til að nýta fjármagnið með öðrum hætti.

Í fjórða lagi leggur Öryrkjabandalagið mikið upp úr notendastýrðu eftirliti, samhliða notendastýrðri þjónustu. Öryrkjabandalagið styðst við slagorðið „Ekkert um okkur án okkar“ og leggur til að farið verði að fyrirmynd Svía þar sem eftirlit með þjónustunni er í höndum notendanna sjálfra. Við núverandi aðstæður er ríkið í hlutverki bæði veitendþjónustu og sem eftirlitsaðila, það telur Öryrkjabandalagið vera ófært og að eðlilegast væri að til framtíðar yrði eftirlitið í höndum ríkis og notenda í samstarfi.

Í fimmta lagi er óttinn við niðurskurð ríkur hjá Öryrkjabandalaginu. Það hefur nokkuð borið á ótta vegna fjárhagsstöðu sveitarfélaga, eins og borgarfulltrúarnir hér á undan minntust á, og jafnvel geti flutningurinn leitt til enn meiri niðurskurðar við núverandi aðstæður. Þetta eru mjög skiljanlegar ástæður, en þó ber að hafa í huga að ríkið er ekki síður illa statt fjárhagslega en sveitarfélögin. Reynslan hefur sýnt að málaflökkurinn er í hættu við slíkar aðstæður, en hvort að hann er hjá ríki eða sveitarfélögum held ég að skipti ekki höfuðmáli í þeim efnum.

Forseti, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar þá lifum við ekki í hinum fullkomna heimi. Þjónustu við fatlaða er talsvert ábótavant og nauðsynlegt að úr því verði bætt. Flutningur á málaflöknum er hugmyndafræðilega réttur, en ótti fólks er skiljanlegur og hann ber að virða. Þá ber að taka fram að auðvitað ríkir ekki bara ótti. Nokkur aðildarsamtök Öryrkjabandalagsins hafa miklar væntingar til flutningsins um að hann komi til með að leiða til bæði persónulegri og betri þjónustu við notendur og aukinna áhrifa fatlaðra einstaklinga í samfélaginu. Það er því nauðsynlegt að fyrir flutninginn verði hlustað á varnaðarorð Öryrkjabandalagsins, því að þannig getum við staðið undir væntingum þeirra sem eru jákvæð.

Á vettvangi velferðarsviðs er mikilvægt að spýtt verði í lófana þannig að Reykjavíkurborg verði raunverulega tilbúin að taka við málaflöknum þegar að þar að kemur, því að það þarf að tryggja að tilætlaður árangur náist og að flutningur leiði raunverulega til betri og persónulegri þjónustu en nú er veitt.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

**2. mál Umræða um fyrirhugaðan flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga (að beiðni borgarfulltrúa allra framboðslista)**

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er tímabært að það mál sem nú er til umfjöllunar sé tekið til ýtarlegrar umræðu hér í borgarstjórn, þ.e.a.s. hugsanlegur flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaga frá ríki. Þetta er gríðarlega mikið mál, alveg sama hvort er verið að ræða um þjónustuna sem slíka eða fjárhagslegar forsendur, starfsmannahald og fleira og fleira. Það er ekkert nýtt af nálinni að sveitarfélögin fjalli um yfirflutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Sem formaður Sambands ísl. sveitarfélaga þá beitti ég mér fyrir því í kringum 1996 eða 1995 á þessum árum að það yrði hafinn undirbúningur, formleg vinna, ýtarleg vinna að því að flytja þessi verkefni frá ríki til sveitarfélaga og á þessum tíma líka að þá var ákveðið að fara í reynsluverkefni sem að endurspegluðust í því að sveitarfélagið Akureyri og Hornafjörður tóku að sér þessa þjónustu að meira eða minna leyti og eins var gerður sérstakur samningur við sveitarfélögin á norðvesturlandi sem að tóku þessi verkefni að sér. Og eftir þeim upplýsingum sem ég hafði og reyndar hef haft nýlega, þá hefur þetta gengið ágætlega og þessi sveitarfélög, bæði Akureyri og þau eru nú kannski fleiri og Hornafjörður og sveitarfélögin á norðurlandi vestra hafa sinnt þessum verkefnum þannig að sómi er að.

Ég hef hins vegar líka gert mér grein fyrir því að árlega hafa verið mikil átök um fjármálastreymi frá ríki til sveitarfélaga, því að þetta er samningsbundið það er ekki búið að flytja þetta alfarið yfir. Það hafa ekki verið færðir tekjustofnar til þessara sveitarfélaga, heldur hafa þau fengið árlega á fjárlögum ríkisins ákveðnar upphæðir og það hafa held ég á hverju einasta ári, nánast á hverju einasta ári verið mikil átök um það að sveitarfélögin telja sig hafa fengið réttar fjárhæðir til að sinna þessari þjónustu. Og uglaust er enn ágreiningur um það hvernig spilunum hefur verið skipt í þessum efnunum.

En það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, það gerist bara vegna þess að stundum er þjónustan meiri heldur en að gert var ráð fyrir í fyrsta samkomulagi og það er einmitt eitt atriðið sem þarf sérstaklega að skoða ýtarlega varðandi þessa vinnu, það eru auðvitað fjármálin. En þessi vinna hún fór fram á árunum 1997, 1998 og alveg fram til 2002, kannski ekki nákvæmlega, en svona um það bil þetta tímabil.

Og á landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga á þessum tíma að þá var fjallað um þetta mjög ýtarlega og það var komist að þeirri niðurstöðu að það væri þrátt fyrir gríðarlega mikla faglega vinnu sem hafði verið unnin og margvíslega útreikninga, að það væri ekki skynsamlegt að flytja þetta verkefni yfir frá ríki til sveitarfélaga, þar sem að það lægi ekki fyrir samhliða frumvarp um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga, sem gerði ráð fyrir því og tryggði sveitarfélögunum þær upphæðir sem að sveitarfélögin höfðu reiknað að þyrfti til að sinna þessu verkefni.

Og ennfremur var heldur ekki fallist á það að það yrði gengið tryggilega frá endurskoðunarákvæðum þannig að menn gætu svona með góðri samvisku staðið upp frá þessu verkefni, án þess að beinlínis að þurfa að standa frammi fyrir því sem að við höfum kannski þurft að gera áður í öðrum tilflutningum, að það er sest að borðum og reynt að semja, en síðan þrátt fyrir góð og gild rök sveitarfélaga þá hefur ekki náðst niðurstaða og ef til vill vegna þess að ríkið hefur aldrei fallist á að setja á gerðardóm, sem væri það eina rétta auðvitað til þess að meta niðurstöður af endurskoðun samninga sem gerðir eru. Því að þarna er verið að færa verkefni formlega yfir og ég kem að því síðar, sú aðferðafræði sem beitt hefur verið þar.

Auðvitað tek ég undir það, og hef gert það reyndar og má segja að hafi ég mikill baráttumaður alveg allt frá 1990 fyrir því, að færa fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga og beitti mér fyrir því sérstaklega og stóð að þeirri vinnu sem að færði sveitarfélögunum grunnskólann allan – allan reksturinn árið 1996 og ég held að reynslan af því að hún hafi verið mjög góð a.m.k. mjög góð fyrir börnin og fyrir foreldrana og fyrir allt skólaumhverfið á Íslandi. Að vísu hefur þetta kostað okkur ívið meira heldur en kannski að við reiknuðum með, en það var gerð úttekt á því hvernig þetta hefði gengið fyrir sig eftir að við höfðum verið með skólana í höndunum í 5 ár, þ.e.a.s. 2001 og 2002, og þá kom í ljós að við vorum nokkurn veginn á pari.

En ég hef svona grun um að frá þeim tíma að þá hafi sveitarfélögin svona verið að eyða miklu meiri peningum í þetta heldur en beinlínis var ráðgert í upphafi og var nú full þörf á, vegna þess að ríkið hafði vanrækt þessa þjónustu árum saman. En sveitarfélögin vildu ekki lúta því og þess vegna sett meira fjármagn í þetta. Og svo má auðvitað segja að sú uppsveifla sem að við lentum í og gátum svo sem fagnað þarna á þessum árum eftir 2002 og 2003, að hún auðvitað styrkti tekjustofna

sveitarfélaga allverulega og það má segja að það hafi auðveldað okkur að sinna þessu verkefni jafnvel og sveitarfélögin almennt hafa gert.

En auðvitað skiptir máli þegar að við erum að ræða þetta mál þjónustan við þá einstaklinga sem við erum að fjalla um, þeir sem fatlaðir eru, það skiptir auðvitað öllu máli. Og það er alveg ljóst að víða er nögl skorin við þjónustu við fatlaða á ýmsum sviðum og mætti gera betur en ríkið hefur ekki að minni hyggju, þótt margt gott hafi verið gert, staðið sig nægilega vel í þessum eignum. Auðvitað skiptir máli þjónustupörf við þá fötluðu einstaklinga sem að hér er um að ræða, að hún verði metin og greind með eins góðum hætti og kostur er. Og auðvitað skiptir máli innihald og gæði þjónustunnar þegar að þar að kemur.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að það var undirrituð viljayfirlýsing á milli ríkis og sveitarfélaga þann 13. mars fyrir nokkurn veginn ári síðan, þar sem menn vildu halda ótrauðir áfram með þessa vinnu og ég setti mig ekki gegn því að það yrði gert. En á þeim tíma sem að liðið hefur á þessu ári, þá hefur nú svona heldur dökknað á dalnum hjá íslensku efnahagslífi og í fjármálum sveitarfélaga og við erum að fá fréttir núna nánast daglega um mikla erfiðleika í fjármálum mjög margra sveitarfélaga. En sem betur fer hefur fjármálastjórnin hér í Reykjavíkurborg verið með þeim hætti á þessu kjörtímabili að við stöndum betur en ýmis önnur sveitarfélög hvað það varðar.

En það er ekki þannig með sveitarfélög vítt og breitt um landið. Þau eiga í miklum fjárhagslegum erfiðleikum og ég hef svona sett fram það sjónarmið, og sumir ekki sammála því en aðrir sammála, að við ættum ef til vill aðeins að hægja á þessu verkefni, þetta er ekkert að fara frá okkur, og sjá svona hvernig okkur reiðir af á þessu ári í fjárhagslegu tilliti áður en við förum að taka á okkur auknar skuldbindingar. Og jafnvel þótt að það verði með einhverjum hætti reynt að tryggja það að fjárhagsleg endurskoðun sem að á að fara fram árið 2014, þ.e.a.s. ef að þetta gengur eftir núna 1. janúar 2011, jafnvel þótt að hún leiði í ljós að það vantar fjármagn miðað við þá þjónustupörf sem til staðar er og í samræmi við það samkomulag sem gert var, að þá hef ég varpað því fram hvort væri ekki rétt að hægja aðeins á ferðinni og vera ekki að keyra þetta á miklum hraða. Mér finnst gæta svona óþolinmæði hjá mörgum, en þetta er verkefni sem við erum að taka á okkur til áratuga ef ekki áhrundraða, þannig að hérna eitt ár í sjálfu sér skiptir ekki

öllu máli. Ég hef sagt það sem virðist vera í andstöðu við þá borgarfulltrúa sem hér hafa talað sem hafa litlar áhyggjur af því þótt að við séum nú stödd á krepputímum. Ég hef sagt það að í svona kreppuástandi, á svona miklum óvissutímum í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, þá sé hugsanlega ekki skynsamlegt að sveitarfélögin séu að taka við þessum nýju verkefnum akkúrat núna. En þeir borgarfulltrúa sem hér hafa talað um þetta verkefni þeir hafa allavega ekki jafnmiklar áhyggjur af því eins og ég, og telja jafnvel að á krepputímum að þá sé snjallt að taka við verkefnum frá ríki til sveitarfélaga.

Ég skal ekkert segja um þessar tvær kenningar, hvor eigi meiri rétt á sér, hvora sé hægt að rökstyðja með betri hætti. Þetta er bara tilfinning mín og sennilega tilfinning þeirra borgarfulltrúa sem hafa tjáð sig um þetta mál að það gæti jafnvel verið betra og skynsamlegra að taka við verkefnum frá ríkinu á krepputímum. Ég hef ekkert rannsakað þessa kenningu, hvorki í plús eða mínus, en þetta er sem sé mín tilfinning að ég tel að á svona tímum að þá eigum við að fara okkur hægt í að bæta við fleiri verkefnum, og engum smá verkefnum, þetta er verkefni sem er sennilega 10 milljarðar eða svo, um það bil – kannski meira, með hundruðum ef ekki þúsundum starfsmanna sem við erum að tala um að flytja yfir til sveitarfélaganna. Þannig að ég tel, að án þess að ég sé nokkuð að hverfa frá þessari stefnu, að þá ættum við að gefa okkur góðan tíma til að fara yfir þessi mál.

Ég hef nefnt það í borgarráði að ég og reyndar ekki beinlínis gagnrýnt það en hins vegar hvatt til þess að þessi mál væru meir rædd almennt hjá borgarfulltrúum. Borgarfulltrúar eru misjafnlega mikið inni í þessu máli, sumir eru að koma ef til vill nýir að þessu máli, sem þykir og við þurfum tíma til að fara yfir þessi mál og velta vöngum yfir öllum þáttum þessa máls. Og núna má segja að þessi umræða sé kannski að fara meira af stað, vegna þess að tíminn er að nálgast, en ég hefði talið á fyrri stigum að þá hefði sem sagt mátt fara fram svona almennar umræður, þess vegna hér í sölum borgarstjórnar eða með sérstökum kynningarfundum fyrir borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa og þá einstaklinga í ráðum og nefndum sem að koma að málefnum fatlaðra með einum eða öðrum hætti.

En það út af fyrir sig breytir því ekki að ég tel að málið sé núna tiltölulega vel kynnt. Það er kynnt inni á vef félagsmálaráðuneytisins og nú erum við að fara yfir þetta mál hér og það hefur örugglega verið mjög ýtarlega rætt í stjórn

velferðarráðs. En ef ég nefni þá þætti sem ég hef svona sérstakar áhyggjur af og sjálfsagt að hafa áhyggjur eða ég allavega að sé verðugt viðfangsefni fyrir þá aðila sem eru að vinna að þessu fyrir okkar hönd, að þá er ekki núna gert ráð fyrir gerðardómi eftir að búið er að fara yfir þessi mál í heild sinni árið 2014 og þá sum sé endurskoða þessa fjárhagslegu þætti sem að við ætlum okkur að endurskoða, að þá er ekki gert ráð fyrir gerðardómi og heldur er aðallega sem sé treyst á skynsamlegar niðurstöður aðila í samningum, þ.e.a.s. fulltrúa ríkis og sveitarfélaga.

Og ég vil gjarnan að við veltum því fyrir okkur hér og sérstaklega þeir sem eru að vinna að þessum málum sem okkar fulltrúar, hvers vegna er ekki gert ráð fyrir því, ef að ágreiningur verður á milli ríkis og sveitarfélaga, að það sé hlutlaus aðili sem komi að þessu máli. Þessu var hafnað þegar að við fluttum grunnskólann yfir, en það reyndi ekki á þetta þegar að við reyndum að flytja málefni fatlaðra yfir árið 2002 eða 2003. Þetta var sem sé inni í þeim pakka sem að laut að tekjustofnum, en þá var það krafa okkar að það kæmi hlutlaus aðili að þessu máli ef að yrði ágreiningur á milli fulltrúa ríkis og sveitarfélaga. En mér skilst að því sé hafnað í þessum viðræðum að það verði einhver slíkur aðili eða gerðardómur, heldur eiga aðilar bara að reyna að komast að skynsamlegri niðurstöðu í þeim samningum sem framundan eru. Ég hef líka velt því fyrir mér hvernig verður með starfsmenn, af því að mér heyrðist borgarfulltrúinn Björk Vilhelmsdóttir tala um það hér áðan að, sem er út af fyrir sig eðlilegt, að starfsmenn sem að sinna þessum verkefnum í dag hjá ríkinu að þeir komi yfir til sveitarfélaganna.

Þegar að við fluttum grunnskólann, allan rekstur grunnskólans, frá ríki til sveitarfélaga 1996, þá var þetta stór mál og það var starfandi vinnuhópur í marga, marga mánuði sem var sérstaklega að velta fyrir sér réttindum starfsmanna, hvaða afleiðingar það hefði að flytja starfsmenn alla frá ríki til sveitarfélaga og það var verið að grandskoða þá mörg hundruð þætti sem skiptu máli varðandi þennan flutning starfsmanna. Og nú velti ég því fyrir mér, ég veit ekki nákvæmlega hvernig þau mál standa, hvort að það hafi verið starfandi starfshópur sem hafi sérstaklega tekið þátt í þessu. Á sínum tíma þá tók starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar, núverandi fjármálastjóri Birgir Björn Sigurjónsson, þátt í þessu fyrir hönd sambandsins.

Og Birgir Björn, hann veit sennilega manna best hversu mikil og víðtæk vinna fór af hendi í þessu sambandi, og ég velti því fyrir mér hvaða hópur er að sinna starfsmannamálum varðandi yfirflutninginn. Hvort að það sé til dæmis einhver frá fjármálasviði Reykjavíkurborgar, sem auðvitað ætti að vera og ég kannski þarf ekki að spyrja um þetta það er svo sjálfsagt mál að þar sé fulltrúi frá fjármálasviði Reykjavíkurborgar að vinna að þessum málum. Og ég hef líka velt því fyrir mér hvað verður með starfsmenn í b-deild Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna sem að færast yfir til okkar, ætlum við að gera sömu kröfu og við gerðum 1996 þegar að kennararnir fluttust yfir og ríkið samþykkti að ríkið ábyrgðist lífeyrissjóðsskuldbindingar þessara einstaklinga, liggur það fyrir? Bara þetta eina atriði getur skipt mörg hundruð milljónum á ekki mjög löngum tíma, á mörg hundruð milljónum. Það eru svona atriði sem ég hef ekki enn fengið svör við, en ég fæ væntanlega svör við hér á eftir vegna þess að hér eru inni einstaklingar í þessum sal sem hafa unnið meira að þessu máli heldur en flest okkar og eru í undirbúningshópi og vita nákvæmlega hvað er að gerast í þessu máli.

Og síðan hef ég líka velt fyrir mér stjórnsýslunni og það auðvitað hljóta menn að gera sveitarfélaganna vegna yfirtökunnar og með hvaða hætt fjármagni verði ráðstafað frá ríki til sveitarfélaga, þessum 10 milljörðum eða hvað það nú er. Og eins og ég heyri að þá er gert ráð fyrir því að fjármagninu verði annars vegar ráðstafað með hækkun útsvars og hins vegar í gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga með sama hætti og gert var árið 2000, þarna þegar að grunnskólinn var fluttur yfir til sveitarfélaga og hins vegar gert ráð fyrir því að hlutur jöfnunarsjóðs verði þá mun stærri hlutfallslega, kannski 40-50% af þessari upphæð sem fer í gegnum nýjan jöfnunarsjóð heldur en að var gagnvart grunnskólunum, þar var það heldur minna.

Og þetta þýðir eins og hér kom fram áðan væntanlega, að ríkið mun væntanlega, það liggur ekkert fyrir, það er allavega það sem unnið er með í dag, lækka tekjuskattinn samsvarandi og útsvarið verður hækkað. Þetta er svona ósköp áþekkt því sem gert var þegar að grunnskólinn var fluttur yfir til sveitarfélaga. Ég hef ekkert við það að athuga í sjálfu sér, en auðvitað skiptir það okkur miklu máli núna þegar að hlutur jöfnunarsjóðs verður miklu meiri í þessu heldur en við flutning grunnskólans, því að í raun og veru þá er Reykjavíkurborg, þetta dæmi á

sínum tíma með grunnskólann, það var núllstillt á Reykjavíkurborg, það sem Reykjavíkurborg er með inni í jöfnunarsjóðunum, það eru sérskólarnir. Að öðru leyti þá er útsvarið sem við fáum nægt til þess að reka skólana, þannig var málið hugsað og í sjálfu sér ekkert við það að athuga. En núna sýnist mér að við eigum eftir að koma inn í jöfnunarsjóð sveitarfélaga af fullum krafti kannski í fyrsta sinn frá upphafi, þeir koma ekki inn í borgarsjóð þessir peningar, þeim verður úthlutað þá til okkar til þess að annast þetta verkefni í gegnum jöfnunarsjóð. Það kann vel að vera að þetta gangi.

Þegar að við fórum yfir þetta síðast í kringum 2000 að þá voru menn að velta fyrir sér svona einhverjum svipuðum leiðum, en í raun var ekki búið að botna það, þegar að stjórn sambandsins og reyndar landsþing sambandsins hafnaði því að það yrði gengið til samninga við ríkisvaldið, vegna þess að okkur fannst fjárhagslegar forsendur ekki nægilega tryggar. Þetta auðvitað munu menn ræða og það er í sjálfu sér engin leið betri til heldur en þessi sem hefur verið kynnt núna í þessari vinnu að gera þetta með þessum hætti. En þetta er svolítið nýtt fyrir Reykjavíkurborg að þurfa að sækja með svona miklum þunga inn í jöfnunarsjóðinn. Hugsanlega er ekki til nein önnur betri leið, alla vega hef ég ekki komið auga á hana ennþá, sem að getur unnið þetta verk upp með þeim hætti að sveitarfélögin séu tiltölulega sáttt við þetta.

Síðan hef ég líka svolítið velt fyrir mér stöðu einstakra sjálfseignarstofnana. Nú vitum við það að það eru í dag starfandi mjög margar, mjög margar sjálfseignarstofnanir sem sinna málefnum fatlaðra og þessar stofnanir gegna mjög veigamiklu hlutverki í þjónustu við fatlaða. Og það er í sjálfu sér ekki búið að ræða það neitt ýtarlega, en þó held ég að það sé gert ráð fyrir því að þær geri þjónustusamninga við viðkomandi sveitarfélög eða byggðasamlög með líkum hætti og það er núna gert gagnvart ríkinu. Og í raun og veru að þær flytjist líka sem er í sjálfu sér ekki óeðlilegt þegar að maður lítur á þetta heildarkonsept. Ef verið er að flytja allan málaflokkinn þá er nú kannski erfitt að skilja eitthvað eftir hjá ríkinu, að þá er það væntanlega bara viðkomandi sveitarfélög stór og lítil sem að semja við þær stofnanir sem að eru staðsettar í þeirra sveitarfélagi og skiptir þá ekki máli hvort að íbúafjöldinn þar er 150 eða 120 þúsund. Og þarna þarf auðvitað að gæta vel að því hvernig er búið um hnútana í sambandi við þetta. En síðan

skilst mér að það sé verið að reyna að búa til stórar stjórnsýslueiningar eins og borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir minntist á, að hvert þjónustusvæði yrði ekki undir 8 þúsund íbúum og það auðvitað náttúrulega er orðin tiltölulega styrk eining og getur vel sinnt þessu verkefni ef að sum sé er búið vel um hlutina.

En ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra. Þetta mál bara heldur áfram og það er mikilvægt að þeir fulltrúar okkar sem eru að vinna í þessu, það má út af fyrir sig alveg breikka þann hóp og væri sennilega mjög skynsamlegt bara að breikka þann hóp sem að kemur að þessu verki frá langstærsta sveitarfélaginu sem hefur langmestra hagsmuna að gæta hvað varðar fjárhagslegar upphæðir, að það komi fleiri að þessu verkefni, fleiri kjörnir fulltrúar að þessu verkefni heldur en verið hefur. Og ég veit það að Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi hefur verið að sinna þessu verkefni með ágætum ásamt formanni velferðarráðs borgarfulltrúa Jórunni Frímansdóttur og síðast en ekki síst sviðsstjóra velferðarsviðs Stellu K. Víðisdóttur. En það er auðvitað alls ekkert útilokað að setja fleiri einstaklinga inn í þetta gríðarlega stóra verkefni sem að bíður okkar. Og það er sjálfsagt að ræða þá tillögu í borgarráði á fimmtudaginn, sem að borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir boðaði að búa til enn einn stýrihópinn, það er ekkert á móti því í svona stóru og veigamiklu verkefni. En þá auðvitað skiptir máli að í hann komi einstaklingar sem að vilja gefa sér tíma til að sinna þessu verkefni.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúa borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

**2. mál Umræða um fyrirhugaðan flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga (að beiðni borgarfulltrúa allra framboðslista)**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Forseti borgarstjórnar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sagði að við þyrftum að gefa okkur tíma og við þyrftum kannski að hægja á verkefninu, eitt ár skipti ekki máli. Ég er alveg ósammála honum í því og held að við hefðum átt að nýta tímann betur og mér finnst það bara mjög miður að sá sem að hefur hérna meirihlutavaldið í borgarstjórn hafi ekki nýtt þann tíma síðan borgarstjórn fyrir réttu ári síðan fól honum og öðrum sem hér fara með völd að vinna mjög markvisst að þessum yfirflutningi. Það hafa ekki verið haldnir sérstakir kynningafundir og fleira nefnt, og ég get ekki sjálf borið ábyrgð á því, það verða aðrir að gera það. En við getum ekki beðið þar til að allir eru búnir að lesa pensúmið sem er til grundvallar. Við getum ekki beðið eftir því að hver einasti maður sem hugsanlega hefur ekki einu sinni áhuga lesi allt það sem að skrifað hefur verið um þetta mál.

En ég tek heilshugar undir og ég er fegin að forseti borgarstjórnar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson vilji fá fleiri kjörna fulltrúa að þessu máli og að við stofnum einhvers konar stýrihóp sem að vinni að þessu af hendi pólitískt kjörinna fulltrúa. Og ég held að það sé mjög mikilvægt, því að þetta eru stór mál, eins og hann sjálfur sagði. Og til dæmis varðandi starfsmannamálin hann tiltók það að það hefði tekið marga mánuði að semja um þau mál við yfirfærslu grunnskólans. Þess vegna samþykktum við í mars 2009 að byrja þá þegar að undirbúninginum, ekki núna í mars 2010. Það var ástæða fyrir þessari samþykkt. Það er búið að vera að reka á eftir þessu. Það hefur lítið gerst þó að ýmislegt hafi verið gert, þá hefur það einmitt ekki verið á þessum pólitíska vettvangi og mér þykir það líka mjög miður. En við skulum gæta þess að Reykjavíkurborg verði einmitt ekki þessi eftirbátur, heldur að við reynum að koma okkur í það þjónustuhlutverk sem við verðum að vera í þessu máli.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Þá tekur næst til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

**2. mál Umræða um fyrirhugaðan flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga (að beiðni borgarfulltrúa allra framboðslista)**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég þakka fyrir þessa þörfu umræðu um flutning á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga, mál sem hefur verið mér alla tíð frá því að ég hóf afskipti af stjórnmálum mjög hugleikið. Raunar eru þessi grundvallarmál um valddreifingu verkefna og ákvörðunartaka út til fólksins, flytja ákvarðanatöku frá þungum borðum í ráðuneytunum frá kannski svolítið stöðnuðum embættismönnum til fólksins – til nærþjónustunnar, til þeirra sem eru að veita þjónustuna, flytja ákvörðunartökuna þangað. Því að öll þjónusta sem lýtur að því að þjónusta fólk til dæmis varðandi málefni fatlaðra, heilbrigðisþjónustu og annað slíkt hún auðvitað snýst fyrst og fremst um þjónustu þar sem maður þjónar öðrum manni. Maður á mann. Þá kemur kannski að minni gömlu einstaklingshyggju sem gerði mig að sjálfstæðismanni á sínum tíma, að ég hef afskaplega litla trú á kerfum, ímugust á miðstýringu og þeirri valdniðslu sem að hún bíður upp á og er raunar upphaf þess að ég kem hingað að störfum í Borgarstjórn Reykjavíkur.

Árið 1990 stóð ég fyrir því sem heimilislæknir hér í borg að gera uppreisn gegn þáverandi áætlunum um það að skikka alla heimilislækna á landinu til að verða opinberir starfsmenn á ríkisreknum heilsugæslustöðvum. En fyrir mig hefði það nú verið eiginleg sama og að reka mig í annað starf. Ég þekki hvernig er að vinna á slíkum vinnustað þar sem oft er tekist meira á um hver á ekki að gera verkin heldur en hvernig fólk getur hjálpast að við að vinna verkin vel. Maður á mann er það sem gildir í heilbrigðisþjónustu, í málefnum fatlaðra, í öllum þessum velferðarmálum, það er maður á mann sem gildir. Þar af leiðandi færa verkefni frá ráðuneytunum til sveitarfélaga, þaðan að dreifa því til fólksins, valddreifing. Lýðræði er lykillinn að því að það séu persónuleg samskipti og persónuleg ábyrgð sem leiðir í þjónustu við þá sem á því þurfa að halda, ekki síst fatlaðir.

Kerfið getur aldrei þjónustað svona fólk með sómasamlegum hætti. Það er mín reynsla og það er mín skoðun og byggð ekki síst á víðtækri reynslu minni sem heilbrigðisstarfsmaður, bæði hér í borginni, víða um landið og erlendis. Kerfin eru dýr í rekstri. Þau snúast oft um að þjóna sjálfu sér með sjálfbærum hætti, viðhalda sjálfu sér og gleyma því fyrir hvern þau eru til, fyrir skjólstaðingana. Þannig að

ég endurtek það, að ég sem læknir, velferðarsinni, umhverfissinni bara fagna þessari umræðu og minni á það að þetta snýst ekki bara um sjálfa þjónustuna við fatlaða, það er í raun og veru hluti af því verkefni að færa alla heilsugæslu frá ríkinu aftur til sveitarfélaganna. Takið eftir ég segi aftur til sveitarfélaganna. Við færðum verkefnið frá sveitarfélögum til ríkisins með lögum um heilbrigðisþjónustu árið 1989 eða þau voru gerð að lögum vorið 1990 og þar ætluðum við einfaldlega að apa upp alla vitleysuna eftir frændum okkar Svíum, sem höfðu gert neytendur sænskrar heilbrigðisþjónustu mikla skráveifu með yfirgengilegri miðstýringu, þar sem bið eftir sjálfsagðri lækniþjónustu var stundum talin í árum í staðin fyrir vikum áður, bara vegna þess að stjórnámálamenn, ráðuneytismenn, skrifinnar voru að ráðskast með fólk, með líf og heilsu fólks.

Og maður sér það meira að segja enn þann dag hér á Íslandi vegna skorts á valddreifingu til dæmis þar sem ég starfa að heilbrigðisþjónustu. Það er verið að hrekja nauðsynlega þjóna fólksins, marga bestu lækna á landsbyggðinni. Það er verið að hrekja þá úr starfi af einhverjum leiðinda skrifinnum, eins og mörg ykkar þekkja ef laust til. Húnavatnssýslan er frægt dæmi um þetta. Ég segi bara; helvítis miðstýringin. En við skulum stuðla að og færa þessi verkefni út til fólksins, auka valddreifingu og þetta náttúrulega kemur líka inn á okkar tal um íbúalýðræð. En á sama hátt og við ætlum að efla íbúalýðræði þá þurfum við líka samt að gæta þess að hleypa einmitt ekki að ýmis konar skrifinnum, embættismönnum og stjórnámálamönnum að verkefnum þar sem að þeir geta farið illa með almannafjármuni og klassískasta dæmið er það, að ég hef frá því að ég kom hingað barist fyrir sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og flutti tillögu um það hér á síðasta fundi að reyna að sameina Álftanes – Reykjavík, þó fyrir hefði verið. Og aðrir hér á fundinum töluðu um að 7 milljarða kr. halli í fjárlögum Álftaness væri eitthvað mál fyrir okkur, þó að það sé ekki nema lítið brotabrotabrot af því skipulagsvaldi og landi sem kæmi til heildarhagsmuna á höfuðborgarsvæðinu á mót.

En það er að íbúalýðræði kemur inn á þetta líka þannig að fólkið í hverfunum og heilbrigðisstéttirnar og umönnunarstéttirnar út í hverfunum geti verið nær sínum skjólstaðingum. Og við sem sagt á öllum þessum sviðum, alveg eins og við

bárum gæfu til þess með grunnskólana að flytja nærþjónustuna þar nær vettvangi heilsugæslunnar, þjónustu við fatlaða, að flytja verkefni burt frá ríkisvaldi og embættismannakerfi til sveitarfélaga og auka enn frekar valddreifingu og muna það umfram allt, að öll þessi mál sem við erum að tala um hvort sem að það er grunnskólinn, málefni fatlaðra, heilsugæslan, þjónusta sem snýst um þjónustu eins einstaklings við annan – maður á mann, ekki dýrkun á kerfum. Ég vil enda þessa ræðu mína með að leggja áherslu á það grunngildi, virðinguna fyrir einstaklingnum og þá djúpu andúð sem ég hef á kerfi og miðstýringu.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir. Borgarfulltrúinn hefur fallið frá orðinu, en látum það liggja á milli hluta. Þá tekur næstur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

**2. mál Umræða um fyrirhugaðan flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga (að beiðni borgarfulltrúa allra framboðslista)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætla nú ekki að lengja þessa umræðu mikið, en þakka fyrir hana. Ég held að við séum nú flest stödd á sama stað hvað þetta varðar, allavega hvað það varðar að vilja taka yfir þessi verkefni enda erum við sannfærð um það að með því að gera það, þá verði þjónustan við þennan hóp betri heldur en að hún hefur verið. Og ég held að allir séu sammála um það sem að hafa rætt málið hér að það þarf að stuðla að slíkri samþættingu á nærþjónustu auk þess sem að þetta mun auðvitað verða til þess að styrkja sveitarstjórnarstigið og þessi hugmyndafræði sem hér hefur verið við lýði eða í sveitarfélögunum sé til þess fallin að tryggja að þessi hópur fái góða þjónustu og þjónustu sem tekur sem best mið af hans þörfum. Og mér fannst mjög athyglisvert að hlusta bæði á núverandi formann velferðarráðs, Jóranni Frímansdóttur, og fyrrverandi formann velferðarráðs, Björk Vilhelmsdóttir, vegna þess að þær eru auðvitað þeir aðilar hér í þessum sal sem hvað mest hafa fjallað um þessi mál og haldið utan um þau á síðustu misserum og gott hversu mikill samhljómur er í þeirra áherslum.

Björk Vilhelmsdóttir nefndi það í sinni ræðu og er án efa rétt og má með ákveðnum rökstuðningi finna því stað, að málið er auðvitað mjög flókið. Hún ræddi það að hugsanlega hefði málið ekki verið unnið nægilega hratt. Ég get ekki tekið undir það. Ég held að menn hafi unnið það, bæði á vettvangi sambandsins og hér innan húss eins hratt og mögulegt er. En auðvitað er það þannig að flækjustigið í þessu verkefni er kannski meira heldur en að einhverju leyti að við vonuðumst til þess að það yrði þegar að við tókum þessa ákvörðun fyrir nokkru síðan, vegna þess að á þeim tíma töldum við þrátt fyrir allt að við værum hugsanlega nær komin ákveðinni lausn í þeim efnahagsvanda sem við stöndum frammi fyrir, en það hefur ekki orðið raunin. Þannig að auðvitað er verkefnið þyngra, bæði hér hjá okkur en ekki síður hjá ráðuneytinu sem og ríkisvaldinu sem á auðvitað erfiðara og skiljanlega, ég er ekki að gagnrýna þau fyrir það, ég held að það sé skiljanlegt að þeirra svör eru auðvitað flóknari og það er að mörgu að huga þegar að gengið er til svona brýnna verkefna.

Það eru auðvitað ákveðnir hlutir sem við erum að gera núna eins og Jórunn Frímansdóttir kom inn á sem þarf að gera hjá velferðarsviði núna í undirbúningi og menn eru komnir nokkuð langt með það allt saman, að tryggja það að við verðum undir það búin að taka við þessum verkefnum. En það sem auðvitað er stór hlutur og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fór svo ágætlega yfir í sinni ræðu og við erum kannski dálítið brennd af því – sveitarfélögin að taka við verkefnum frá ríkinu og sitja stuttu seinna kannski ekki nema ári síðar og velta því fyrir okkur hvernig í ósköpunum við eigum að reka umrædda þjónustu fyrir það fjármagn sem fylgir henni. Og það er auðvitað það sem að við hræðumst öll og höfum áhyggjur af.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar, hæstvirtur forseti, einungis ítreka það að þakka öllum sem að verkinu hafa komið, þakka fyrir umræðuna og það hversu langt þetta er þó komið. Og ég held að það sé hárrétt eins og allir hafa nefnt mikilvægi þess að allir pólitískir fulltrúar komi að þessu og hafi sterka þekkingu á málinu. Mér finnst nú reyndar allir vera á þeim stað. Við erum öll búin að kynna okkur þetta ýtarlega og það er ekki af ástæðulausu sem að stjórn sambandsins hefur verið einróma í því að fylgja þessu verkefni eftir og vonandi tekst okkur að sinna því innan þeirra tímamarka sem talað er um. En fyrst og síðast tekst okkur vonandi að sinna þessari þjónustu við þennan hóp vel, betur heldur en gert er í dag og þannig að við getum öll verið stolt af.

**Forseti:** Borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs utan borgarfulltrúa Jórunnar Frímansdóttur. Eitthvað gauðaðist þetta í munni forseta, en það er sem sagt borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir sem ætlar að ljúka umræðunni.

**2. mál Umræða um fyrirhugaðan flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga (að beiðni borgarfulltrúa allra framboðslista)**

**Jórunn Frímansdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil þakka fyrir þessa góðu og fjölbreyttu umræðu sem að hér hefur verið um þetta málefni sem er auðvitað afskaplega mikilvægt. Ég ætla að leitast við að svara einhverjum af þeim spurningum sem hér var velt upp og vangaveltum, en vil þó taka það fram að ég hef auðvitað ekki svar við þeim öllum, enda margar settar fram kannski meira til umhugsunar. Mig langar að byrja á að taka undir þær áhyggjur sem hér komu fram, sennilega hjá öllum sem hér tóku til máls, varðandi þessa pólitísku aðkomu að málinu og að yfirflutningnum. Og ég vil geta þess að ég hef þegar óskað eftir því við formann Sambands ísl. sveitarfélaga að það verði skoðað að bæði fulltrúi meirihluta og minnihluta hér úr borgarstjórn fái aðkomu inn í verkefnastjórnina, því að þar erum við einungis með einn fulltrúa og embættismann sem er auðvitað mjög vel til þess fallinn að vera þar og hefur mikla og víðtæka þekkingu og stýrir hér því sviði sem mun taka við málaflöknum. En það er nauðsynlegt að pólitískir fulltrúar fái meiri aðkomu og séu betur upplýstir. Og ég held að það færi vel á því að Reykjavíkurborg, stærsta sveitarfélagið, hefði þarna í verkefnastjórninni þrjá fulltrúa en ekki einn og að það væri þá embættismaður og tveir fulltrúar, einn frá meirihluta og einn frá minnihluta.

Varðandi svo annað atriði sem hér kom fram líka í máli, allavega Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarfulltrúa og Bjarkar Vilhelmsdóttur borgarfulltrúa, að hér yrði settur í gang einhvers konar starfshópur á vegum borgarráðs, þá vil ég taka undir það. Ég hef hugsað þetta mál mikið og mér finnst mikilvægt að sko eitt er að við séum með málið inni í velferðarráði sem er auðvitað mjög gott, það er pólitískt ráð og þar eru fulltrúar allra flokka. En hins vegar er það ákveðið áhyggjuefni að þar erum við einungis tvær sem erum borgarfulltrúar, það er annars vegar ég og hins vegar Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi og þess vegna held ég að það sé afskaplega mikilvægt að borgarráð skipi eins konar starfshóp, pólitíska fulltrúa sem séu þá allir borgarfulltrúar, séu frá öllum flokkum sem að setji sig vel inn í þetta mál og haldi utan um það að einhverju leyti með síðan velferðarsviði og velferðarráði. Þannig væri tryggð betri aðkoma pólitískra fulltrúa að öllu málinu og framgangi þess, og ég held að við gengjum bara hreinlega betur í takt.

Hvað varðar hugmyndafræðina sem að borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir kom svo vel inn á hér áðan að þá langar mig að fagna því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun verði samþykktur hér á vormánuðum. Ég held að það sé virkilegt fagnaðarefni. En um leið tek ég undir áhyggjur sem hér komu fram í máli Sóleyjar Tómasdóttur borgarfulltrúa um að það gæti fylgt því ákveðinn kostnaður, en þá er kannski bara enn betra að hann komi þá fram sem fyrst, samningurinn verði samþykktur hér sem allra fyrst svo að í ljós komi, hvort og þá hvaða kostnaður fylgi þeirri samþykkt.

Nú, hugmyndafræðilega myndi ég gjarnan sjá okkur komast enn lengra og svo langt að við þyrftum engin sérstök lög um málefni fatlaðra. Við þyrftum ekki lög um málefni aldraðra. Af hverju erum við með sérstök lög um málefni fatlaðra, fatlaðs fólks sem er bara venjulegt fólk eins og við öll sem þarf þjónustu. Sama á við um aldraða. Fólk eldist og það þarf þjónustu, það missir getuna til þess að komast á milli staða eða hjálpa sér sjálft við athafnir daglegs lífs og það á auðvitað við líka um marga þá sem eiga við líkamlega fötlun að stríða og jafnvel andlega, og okkur ber skylda til þess að hjálpa því fólki til þess að taka þátt í samfélaginu okkar og til þess að vera hluti af því. Og ég vona að við séum að feta okkur í þá átt og með tímanum að þá þurfum við engin sérstök lög um málefni hvort heldur er fatlaðra eða aldraðra.

Varðandi áhyggjur sem komu fram í máli Sóleyjar Tómasdóttur hér áðan, þar sem að hún lýsti áhyggjum Öryrkjabandalagsins, þá eðlilega hafa hagsmunasamtökin áhyggjur, það er bara þannig. Og okkur ber skylda til þess að fara vel yfir þá þætti sem þar koma fram og finna út úr því hvernig við vinnum að því að koma í veg fyrir að þær áhyggjur séu raunverulega, áhyggjur eins og varðandi flutning fjármagns, að fjármagn fylgi einstaklingnum, að hann fái þjónustu hvar sem er, að það sé ekki neitt sem heitir; hann orðaði það svo vel á vinnudeginum okkar um daginn sem var á vegum verkefnisstjórnar ég held að það hafi verið hann Karl Björnsson frá Sambandinu sem sagði; við viljum ekki búsetu helst, nei það var hæstvirtur félagsmálaráðherra sem að sagði; að við viljum ekki búsetuhelsi heldur búsetufrelsi. Og það er nákvæmlega það sem málið snýst um og við þurfum að finna leiðir til þess að það sé tryggt.

Nú, við höfum nú flest hérna komið inn á það með eftirliti með nýtingu fjármagnsins. Það er auðvitað mikilvægt að það sér tryggt og er jákvætt skref sem að verið er að stíga í þá átt með sérstakri eftirlitsstofnun. Ég er eflaust að gleyma einhverju sem að hér hefur komið fram og einhverjum álita efnum, þetta er auðvitað bara umræða. Við erum að byrja að ræða þessi mál á þessum vettvangi og svona dýpra svólítið í pólitíkinni, við erum ekkert að hætta því og ég vænti þess að við munum eiga um þetta margar og miklar umræður hér í framtíðinni.

En að lokum, ágæti forseti, þá vil ég þakka kærlega fyrir þessar góðu umræður. Verkefnið er stórt og afar mikilvægt. Það hefur margt verið gert og undirbúningurinn er á fullu, en það er enn langt til landa og að mörgu að hyggja. Ég vona að við berum gæfu til þess að halda áfram með þessa vinnu og náum að ljúka þessari yfirfærslu um næstu áramót og höldum svo áfram skrefinu enn lengra því að það er margt fleira sem þarf að skoða í framhaldinu saman ber málefni aldraðra, heilsugæsluna og svona mætti lengi telja.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá verður tekinn fyrir næsti dagskrárliður sem er tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla. Til máls tekur frummælandi Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi.